

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

74. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn mánudaginn 9. október 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 12:30

Fundinn sátu: Guðbjörg Ragnarsdóttir og Ólafur Loftson frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Inga Rún Ólafsdóttir og Rósa Ingvarsdóttir sátu fundinn undir 1. dagskrárlið.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Úrvinnsla á upplýsingum frá sveitarfélögum/skólum vegna bókunar 1. – 1701067SA

Lögð fram drög að skýrslu samstarfsnefndar. Umræður um framsetningu og efnistöð. Milli funda verður haldið áfram að vinna að skýrslunni og stefnt að því að ljúka gerð hennar fyrir 1. nóvember.

2. Tilkynning og skráning veikinda starfsmanna - 1705035SA

Málið lítur að því hvort sveitarfélagi er heimilt að láta veikindaskráningu og móttöku veikindatilkynninga fara í gegnum fyrirtækið Vinnuvernd og að auki í gegnum næsta yfirmann/vinnustaðinn.

Niðurstaða:

SNS vill bóka eftirfarandi:

Tilkynning veikinda má ekki vera meira íþyngjandi en það sem starfsmanni er gert skylt skv. kjarasamningi. Yfirmaður getur falið öðrum aðila innan eða utan vinnustaðarins móttöku veikindatilkynninga fyrir sína hönd. Samkvæmt kjarasamningi telst því fullnægjandi þegar starfsmaður tilkynnir veikindi til eins aðila. Ekki er hægt að gera ríkari kröfu um tilkynningarskyldu en þessa einu tilkynningu um veikindi.

FG bókar eftirfarandi:

Í kjarasamningi aðila er ekki fjallað um að veikindi skuli tilkynnt til annarra en yfirmanns. Í samningnum segir:

13.2.1.1 Ef starfsmaður verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum sem ákveður hvort læknavottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar. Krefjast má læknavottorðs af starfsmanni vegna óvinnufærni hvenær sem forstöðumanni /yfirmanni stofnunar þykir þörf á.

Í greininni kemur skýrt fram að viðkomandi skuli tilkynna yfirmanni sínum og það er hann sem ákveður hvort læknavottorðs skuli krafist. Annarra er ekki getið. Jafnframt dregur FG í efa að heimilt sé yfir höfuð að fela þriðja aðila söfnun slíkra upplýsinga út frá persónuverndarlögum.

3. Uppbrotsdagar, frímínútur, vinnuframlag og fjöldi. – 1708029SA

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

4. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30